

10. gr.

Ráðherra setur stofnuninni og stjórn hennar starfsreglur.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 74 16. maí 1978 með sama heiti.

Gjört i Reykjavík 23. maí 1980.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Svavar Gestsson.

L Ö G

um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971,
með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir 3. málsgrein 19. gr. laganna komi ný málsgrein, sem verður 4. málsg. og orðast svo:

Þá er og heimilt að greiða enn frekari uppbót á elli- og örorkulífeyri, svo og örorkustyrk vegna rekstrar bifreiðar, sem bótaþega er brýn nauðsyn að hafa vegna hreyfihömlunar, ef sýnt er að bótaþegi geti ekki komist af eða rekið bifreið án uppbótarinnar.

Í stað orðanna „við hækkun lífeyris samkv. 1.—3. málsg.“ í 4. málsg., sem verður 5. málsg. sömu lagagreinar, komi: um hækkunir bóta samkv. 1.—4. málsg.

Í stað orðsins „lífeyrishækkunar“ í 5. málsg., sem verður 6. málsg. sömu lagagreinar, komi orðið: lífeyrishækkana, og aftan við málsgreinina bætist: og uppbóta samkv. 3. og 4. málsgrein.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Gjört i Reykjavík 19. maí 1980.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Svavar Gestsson.